



## **Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi 56 800 Selfossi, 7.mars 2000, kl.14:00**

### **Dagskrá**

#### **1. Fundarsetning**

Karl Björnsson setti fund og tilnefndi Björn Einarsson sem fundarstjóra, sem var samþykkt. Fundarstjóri stakk upp á Guðmundi Stefánssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt.

#### **2. Skýrsla stjórnar**

Þorvarður Hjaltason flutti skýrslu stjórnar.

Hann fór yfir skiptingu á eignaraðild, sem fer eftir íbúafjölda sveitarfélaganna. Afkoma var lakari en árið á undan. Eigið fé er 59 milljónir króna eða 6.3% hærra en árið áður. Handbært fé lækkaði um 16 milljónir króna sem skýrist fyrst og fremst af skaðabótageiðslu, sem inna varð af hendi til eiganda Auðsholts í Ölfusi, skv.dómi Hæstaréttar. Bæturnar voru greiddar án þess að lán væri tekið til þess. Í árslok ákvað stjórn að hækka gjaldskrá frá áramótum, skv.heimild aðalfundar. Hækkunin er 23,5%. Ástæðan er að áformað er að draga úr móttöku á sorpi af höfuðborgarsvæðinu. Það dregur úr tekjum sem verður að mæta með hækkun á aðildarsveitafélögin.

Framkvæmd við nýja urðunarrein hófst sl.haust á urðunarsvæðinu í Kirkjuferjuháleigu og er því sem næst lokið nú. Innvegið sorpmagn var 23.886 tonn árið 1999, sem er 9% aukning frá 1998.

Heimasíða Sorpstöðvarinnar var sett upp 1998, þar eru birtar ýmsar fréttir frá stöðinni.

Þá ræddi Þorvarður um endurvinnslumál og ýmis önnur verkefni sem unnið hefur verið að.

Þá ræddi hann starfsmannamál. Arnar Árnason stjórnar rekstri urðunarsvæðisins eins og verið hefur. Guðmundur Tryggvi Ólafsson hefur verið lausráðinn, en ástæða er að huga að fastráðningu hans.

Haldið var áfram að vinna að markmiðssetningu fyrir Sorpstöðina, en það starf hafði legið niðri um hríð.

Þá ræddi framkvæmdastjóri um málefni Kjötmjöls ehf. Smíði vélbúnaðar er lokið. Áætlað er að hefja starfsemi í sumar. Byggingaframkvæmdir hófust í desember. Erfiðlega hefur gengið að fá opinberan stuðning við verkefnið, nema hvað

Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkir Búnaðarfélag Hraungerðishrepps um 8 milljónir króna til hlutafjárkaupa í Kjötmjöli ehf. Eftir standa þá 17 milljónir króna í hlutafjárukningu, en 5.4 milljónir króna koma í hlut Sorpstöðvarinnar og verður þá hlutafé hennar í Kjötmjöli 13.4 milljónir króna.

### **3. Ársreikningur 1999**

Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri fór því næst yfir reikninga Sorpstöðvarinnar.

Helstu tölur eru þessar:

Tekjur 48.913.088 kr.

Rekstrargjöld 44.970.081 kr.

Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða 3.943.007 kr. og rekstrarafgangur 448.620 kr.

Eignir eru 101.508.991 kr.

Skuldir 42.615.693 kr.

Eigið fé 58.893.298 kr.

#### **4.a Tillaga um fastráðningu umhverfisfræðings.**

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands haldinn, 7. mars 2000, heimilar stjórn að ráða núverandi umhverfisfræðing Sorpstöðvarinnar til framtíðarstarfa hjá fyrirtækinu.

Samþykkt samhljóða.

#### **4.b Tillaga um rekstur Kjötmölsverksmiðju.**

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 7. mars 2000, felur stjórn Sorpstöðvarinnar að ganga til samninga við Kjötmjöl ehf. um að Sorpstöðin taki að sér rekstur væntanlegrar Kjötmjölsverksmiðju fyrir sanngjarna þóknun.

Nokkrar umræður spunnust um tillöguna, en hún var síðan samþykkt samhljóða.

#### **4.c Ársreikningur**

Nokkrar umræður og fyrirspurnir komu fram um ársreikninginn, sem svarað var af framkvæmdastjóra og stjórnarmönnum.

Reikningurinn var síðan samþykktur samhljóða.

#### **4.e Fjárhagsáætlun 2000**

Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árin 2000 - 2003.

Fyrir árið 2000 eru tekjur áætlaðar 53.6 milljónir króna, gjöld 46.3 milljónir króna,

rekstrarafgangur 7.3 milljónir króna og afborgun lána 7.1 milljónir króna.

Samþykkt samhljóða.

#### **4.d Tillaga um gjaldskrá:**

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitafélögum	kr.	2.10 pr.kg.
Gjald fyrir samningsbundin viðskipti	kr.	1.75 pr.kg.
Gjald fyrir sláturúrgang	kr.	3.50 pr.kg.
Gjald fyrir annað aðflutt sorp	kr.	4.20 pr.kg.
Gjald fyrir seyru	kr.	1.00 pr. kg.
Gjald fyrir afgreiðslugjald	kr.	690 pr.klst.
Gjald fyrir trjákurllara	kr.	2200 pr.klst.

Samþykkt samhljóða.

## 5. Kosningar.

Aðalmenn í stjórn:

Karl Björnsson  
Ágúst Ingi Ólafsson  
Sesselja Jónsdóttir

Varamenn:

Gísli Páll Pálsson  
Bjarni Einarsson  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Skoðunarmenn:

Bjarki Reynisson  
Loftur Þorsteinsson

## 6. Markmið og stefna Sorpstöðvarinnar

Karl Björnsson kynnti tillögu að markmiðum og stefnu Sorpstöðvar Suðurlands bs.sem samþykkt var í stjórn 22. febrúar 2000.

Markmiðin eru þessi:

- a) Að annast förgun sorps fyrir aðildarsveitarfélög og fyrirtæki sem þar starfa.
- b) Að kappkosta að starfseminni sé ávallt hagað þannig að hún uppfylli ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis um förgun sorps.
- c) Að gæta ávallt ítrustu hagkvæmni við reksturinn án þess að það rýri gæði starfsseminnar.
- d) Að styrkja árlega eiginfjárstöðu byggðasamlagsins.
- e) Að framkvæma gjaldskrástefnu með þeim hætti að sveitarfélög og aðrir viðskiptaaðilar á Suðurlandi njóti hagkvæms reksturs.
- f) Að stuðla að þróun hagkvæmrar sorphirðu, á þann hátt að flokkun og endurvinnsla aukist samfara minnkun þess sorps sem til förgunar fer.
- g) Að haga starfseminni þannig að hún verði ávallt í fararbroddi og í sátt við umhverfið.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson ræddi starfsemi Sorpstöðvarinnar og þróun hennar til þessa tíma þegar hann lætur af stjórnarstörfum og þakkaði samstarfið. Hvatti hann menn til að samþykkja markmiðin.

Tillagan samþykkt samhljóða.

## **7. Hlutfjáráukning í Kjötmjöli ehf**

Þorvarður Hjaltason flutti tillögu um hlutfjáráukningu í Kjötmjöli ehf.

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 7.mars 2000, heimilar stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, að kaupa nýtt hlutafé í Kjötmjöli ehf. fyrir allt að kr. 5.440.000 skv. hluthafasamkomulagi frá 4.maí 1999. Einnig samþykkir aðalfundur að til viðbótar verði vinna sem starfsmenn Sorpstöðvar Suðurlands hafa innt af hendi fyrir Kjötmjöl ehf. metin sem hlutafé.

Samþykkt samhljóða.

## **8. Önnur mál.**

Guðmundur Tryggvi gaf yfirlit yfir magn einstakra flokkaðra sorptegunda, úr hverju sveitarfélagi og ræddi um sorphirðu, flokkun og skilagjöld.

Guðmundur Rúnar Svavarsson skýrði frá fyrirhugaðri moltugerð nokkurra sveitarfélaga og velti fyrir sér hvort Sorpstöð Suðurlands geti komið að slíku. Nokkrir tóku til máls um þetta mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðmundur Stefánsson  
fundarritari

Bjarni Einarsson  
fundarstjóri